

Náms- og kynnisferð starfsfólks Akurskóla til Minneapolis í júní 2011

Skýrsla



Inngangur

Akurskóli hefur starfað frá árinu 2005. Hann er í stöðugri þróun og vex og dafnar með hverju skólaárinu sem líður. Við viljum alltaf gera betur og erum framsækin en til að fá innblástur í skólastarfið okkar þá var m.a. byrjað að ræða um að skoða aðra skóla og sjá hvað þeir eru að gera. Eftir fyrsta fund okkar, síðasta haust (2010), var ákveðið að fara til Bandaríkjanna og heimsækja þar skóla sem eru starfræktir á svipaðan hátt og Akurskóli. Akurskóli er opinn skóli með áherslu á samkenndu, einstaklingsmiðað nám, verkhöppur, smíðjur, útinám, vísindi og teymisvinnu kennara. Auk þess er Akurskóli í þróunarvinnu um uppbyggingu útinámssvæðis í Narfakotsseylu í samstarfi við nærliggjandi leikskóla og tekur einnig þátt í Grænfánaverkefninu.

Skipuð var sérstök ferðanefnd sem að vel íhuguðu máli valdi fjóra skóla sem allir eru í Minneapolis. Þessir skólar eru School of Environmental Studies, Rutherford Elementary School, Fair School Downtown og Harambee School. Þessir skólar eru ólíkir en við töldum þá alla hafa eitthvað fram að færa sem við gátum lært af og nýtt okkur í skólastarfinu í Akurskóla.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir skólunum sem við heimsóttum í ferðinni sem farin var í júní 2011.

Um skipulag skólakerfisins í Minneapolis

Ríkið setur upp ramma sem fylkin síðan útlista nánar. Borgir og bæir eða svæði taka sig síðan saman og mynda skólasvæði. Fólk er síðan kosið í stjórn skólasvæðis. Skólasvæðið ræður fræðslustjóra og í sameiningu fylgja þau eftir og stýra fræðslumálum á svæðinu. Þrátt fyrir að fræðsluráð sé óháð pólitísku nærsamfélagi, eru áhrif þess farin að hafa aukin áhrif á skólamál, m.a. vegna þess að fólk vill verja minni fjármunum í skólamál.

School of Environmental Studies – Zoo School

Inngangur

Við völdum SES, einnig nefndur Zoo School, til að kanna hvernig unnið er með rýmin í skólanum. Þar sem Akurskóli er opinn skóli heillaði það okkur að sjá hvernig þeir skipuleggja rýmin sín, vinna með þau og einnig hvernig skipulagið er á smiðjunum. Skólinn er hannaður þannig að á neðri hæð er stór fjölnota salur með náttúrufræðistofu og ýmsum smiðjum eins og listasmiðju. Á efri hæðinni eru fjögur rými og í hverju rými eru þrír til fjórir kennarar með um 100 nemendur. Nathan Nelson ráðgjafi í SES sýndi okkur skólann.

Skólinn og rýmin

SES er í nýlegri byggingu, staðsettur við dýragarð. Við skólann er lítil tjörn og hann er umkringdur skógi. SES er aðeins með tvö elstu aldurstigin og nemendur velja að koma í hann frá fjórum svæðis-fjölbrotarskólum sem heita Rosemount High School, Eastview High School, Eagan High School og Apple Valley High School. Þeir eru allir mun stærri en SES með um 2000 nemendur en SES er með um 400 nemendur. Smæðin skapar nálægð og þétt samfélag nemenda og kennara. Nemendur SES sækja íþróttir, leiklist og tónlistarnám í heimaskólana en það er liður í að spara í rekstri skólans. Kennarar stýra sjálfir hvernig þeir skipuleggja námið og stofunni er breytt reglulega til að koma til móts við mismunandi vinnubrögð. Í rýmunum er nemendum skipt í minni hópa. Rýmin eru þannig uppbyggð að í miðju þess er einskonar innlagnarsvæði með borðum, tússtöflum og smarttöflu. Í kringum innlagnarsvæðið eru svo hólfið svæði þar sem hver nemandi hefur sitt skrifborð. Nemendur höfðu skreytt borðin sín hver eftir sínu höfði og heimilt er að hafa gæludýr eins og fiska og snáka.

Stundataflan er skipulögð þannig að það eru fjórar lotur á dag í tvo daga, svo er það endurtekið. Tvær lotur eru í heimastofu á hverjum degi



Þar sem er kennd samfélagsfræði, enska og umhverfisfræði. Nemendur velja sér síðan stærðfræði, listir, tungumál eða annað þrjá tíma á móti þessum heimastofutímum og svo fá þeir einn tíma sem þeir nýta til að læra, tala við kennara eða vinna sjálfstætt eða með öðrum. SES er með þrjár annir og á hverri önn er viku ferðalag. Ferðalögin eru námsmiðuð en einnig áhugasviðsmiðuð. Nemendur fara stutta vegalengd í leikhús eða jafnvel til annarra landa til að rannsaka atferli fugla. Öll kennslan í skólanum er á einhvern hátt tengd náttúrunni og umhverfinu. Á fyrra árinu er lagt upp með að tengja námið náttúrunni þ.e. gróður og dýralíf og á því seinna eru umhverfismál í brennidepli. Mikilvægasti dagur SES er jarðardagurinn sem er 22. júní. Veggteppi eru saumuð af einum nemanda fyrir hvert ár og hengt upp í skólanum. Hvert teppi er hannað út frá þema hvers jarðardags.



Skólinn notast mikið við nærumhverfið og kennarar vinna þétt saman og eru duglegir að samþætta námsgreinar. Mikil samvinna er við dýragarðinn og algengt er að nemendur hafi áhuga á dýrum enda er sérstök aðstaða fyrir dýr í skólanum. Nemendur læra að hugsa um og umgangast dýrin. Nemendur gera mörg verkefni um umhverfisáhrif í nágrenninu. Má þar nefna rannsóknir á vatni, lífríki og gróðri í nálægum tjörnum. Þær rannsóknarskýrslur eru kynntar fyrir foreldrum sem og



bæjaryfirvöldum sem nýta þær við umhverfis- og fjárhagsáætlanagerð næstu ára. Einn kennarinn talaði um að það væri í burðarliðinu að skylda skóla í Minnesota að hafa útikennslu í öllum skólum, en það er mjög áhugavert og gaman verður að fylgjast með hvort sú hugmynd verði að veruleika. Útskrifaðir nemendur eru hvattir til að koma og taka þátt í skólastarfinu og jafnvel skipuleggja viðburði á vegum skólans.

Áhugi og árangur

Í SES er einn skólastjóri og er hann eini stjórnandi skólans. Kennarar stjórna sjálfir hvernig námið er skipulagt og áhugi þeirra og samvinna ýtir undir árangur hjá nemendum. Nemendur við skólann eru þarna vegna þess að þeir kjósa að stunda nám í þessum skóla og námsefnið er almennt talið frekar erfitt. Í stað þess að hafa stutt hnitmiðuð verkefni fyrir nemendur, leggur skólinn meira upp úr því að verkefnin séu margþætt og nemendur fá oft skiladagsetningu langt fram í tímann. Þeir þurfa sjálfir að skipuleggja námið og passa að vinna að verkefninu jafnt og þétt. Í samtali við nemendur sögðust margir hafa átt erfitt með það í byrjun, en með tímanum hafi þeir vanist því að til að standa sig vel þurfi þeir að vera skipulagðir og sýna ábyrgð í námi.



Kennsla og tækni

Mjög góður tækjakostur er í SES. Í skólanum eru um 200 tölvur og er því hlutfallið ein tölva á hverja tvo nemendur. Skólinn notast einungis við MAC tölvur fyrir utan um tíu PC vélar sem þarf til að kenna eldri árgangi skólans á Geography information system (GIS). Ákveðnar reglur eru í gangi í sambandi við netöryggi sem stjórnað er af fræðslufirvöldum, t.d. er lokað fyrir Facebook og fleiri álíka síður. Farsímar eru ekki leyfilegir í skólanum en þó mega nemendur nota netið í símanum sínum til að

nálgað upplýsingar t.d. í vettvangsferðum. Næsta vetur er ætlunin að opna fyrir gestaðgang inn á þráðlausa netið í skólanum svo nemendur geti notað tónhlöður og spjaldtölvur í skólanum. Nemendum er leyfilegt að koma með fartölvur að heiman til að vinna á í skólanum. Einungis einn netþjónn er í skólanum (application server) en annars eru allir netþjónar skólans geymdir í netþjónabúi og hefur tölvuumsjónarmaður skólans aðgang að því til að hafa yfirumsjón með kerfinu.



Eins og fram hefur komið býður SES ekki upp á margar valgreinar og nemendur sækja því oft nám í aðra framhaldsskóla. Íþróttir eru ekki kenndar þar og þurfa nemendur að sækja tíma í heimaskólann sinn ef þeir æfa einhverja íþrótt. Á 12 vikna fresti eða þrisvar sinnum á ári er skólinn með eina viku þar sem nemendur velja sér þema og þá geta nemendur fengið einingu fyrir íþróttir. Listgreinakennsla í SES er mjög fjölbreytt. Þó svo að listgreinar séu valáfangi virðast þær vera mjög vinsælar. Einn listgreinakennari starfar við skólann og sér hún um alla kennslu í stofunni. Kennslan fer fram í lotum sem rúlla eftir því hvort það er svokallaður loftdagur eða jarðardagur. Listgreinastofan hýsir fjöldamargar greinar og má þar nefna ljósmyndun, tölvuvinnslu, leirmótun, glerlist, endurvinnslu á hráefnum, saum og myndlist. Allt námsefnið er samþætt og má sjá listgreinakennslu í öllu sem nemendur taka sér fyrir hendur. Þeir kynna verkefnin sín og sýna þá gjarnan handverk með. Fyrirfram ákveðin verkefni dreifast yfir skólaárið þar sem farið er vel yfir allt námsefnið, en einnig eru frjáls verkefni þar sem nemendur velja sér verkefni sjálfir, leita lausna og finna bestu úrlausnirnar á þeim.



Lokaorð

Mikið er af sýnilegum verkefnum nemenda um allan skólann. Allir nemendur eru með sín eigin vinnurými þar sem þau geta ráðið umhverfi sínu. Mikið var af teikningum og listaverkum á borðum nemendanna og greinilegt að þeir vilja fegra umhverfi sitt. Nemendur sem rætt var við voru ánægðir og við sem skoðuðum skólann vorum mjög hrifin. Það sem vakti mesta athygli okkar auk rýmanna og náttúrunálgunina, var samfélagið, nálægðin og andrúmsloftið, áhuginn og jákvæðnin sem við mættum.

Fair School Downtown

Skólinn er staðsettur í miðbæ Minneapolis. Í honum eru nemendur á aldrinum 5-18 ára. Í skólanum er lögð áhersla á fjölmenningu. Skólinn er í tveimur byggingum, þ.e.a.s. í þeirri sem við heimsóttum og svo er Fair Crystal en hann er fyrir 4.-8. bekkina. Einkunnarorð skólans eru jafnrétti, gæði og listir. Það er lögð áhersla á að allir nemendur séu jafnir og nemendur sem að þurfa á meiri hjálp að halda fá hana hjá kennurum. Skólinn leggur áherslu á tæknimenntun en nemendur læra ungir að nýta sér upplýsingatæknina. Í skólanum er lögð sérstök áhersla á listnám og verja nemendur 2,5 klst. á dag í listnám. Mikil áhersla er lögð á skipulagt samstarf við grenndarsamfélagið s.s. leikhúsin, tónlistarskólann, YMCA o.fl. Skólinn er vel útbúinn tækjum og tólum. Það vakti sérstaka athygli okkar hvað kennarar í skólanum voru ungir.



Nemendur velja skólann vegna skólastefnunnar. Kennarar setja fram stefnu og auglýsa hana. Foreldrar sækja um skólavist fyrir börn sín og voru umsóknir fyrir síðasta skólaár 1500 en 200 nemendur komast að. Dregið er um hverjir komast inn. Í skólanum eru nemendur úr 11 skólahéruðum Minneapolisborgar.





Skólabýggingin er á fjórum hæðum. Á fyrstu hæð mötuneyti og listastofur. Á annarri hæð eru nemendur frá 5-8 ára, á þriðju hæð eru 8-12 ára og á þeirri fjórðu 13-18 ára nemendur. Fair School er opinn skóli þannig að ein hlið hvers kennslurýmis er opin. Nemendum er skipt í námshópa eftir aldri. Í skólanum var lítið bókasafn með lestrarbókum þar sem lestrarbækurnar voru flokkaðar eftir erfiðleikastigi. Útisvæðið var á svölum annarrar hæðar. Þar léku krakkarnir sér í fótbolta og í kastala sem var þar. Sérkennslan fór að mestu leyti fram inni í bekk, þó voru herbergi út frá rýmum þar sem sérkennsla fór einnig fram. Sérkennarinn sýndi deildarstjóra síðu á netinu www.easycbm.com þar sem hægt var að nálgast verkefni í ensku og stærðfræði á ýmsum getustigum og hafa yfirsýn yfir stöðu nemenda.






Stjórnun skólans

Skólastjóri er yfir báðum skólunum, aðstoðarskólastjórar eru í hvorum skóla og síðan eru stjórnendur á hverju greinasviði. Yfirmaður fasteigna sér um báða skólana og stýrir m.a. ræstingu í þeim báðum.

Grenndarnám

Skólinn er staðsettur í miðbæ Minneapolis og hefur enga lóð. Uppi á annarri hæð skólans eru nokkuð stórar svalir um 250 m² með leiktækjum á u.þ.b. ¼ hluta þeirra en hitt er autt svæði sem er hugsað til ýmissa leikja og er það vel nýtt.

Skólinn er í samstarfi við ýmiss konar fyrirtæki í grenndinni þ.á.m. íþróttamiðstöð (YMCA) og þangað fara börn frá þriðja bekk í íþróttir og sund.





Nemendur fara í kennarafylgd í íþróttir upp í áttunda bekk og eftir það fara þeir sjálfir. Nemendur ganga innandyrá í svokölluðum „Skywalk“ sem er yfirbyggður göngustígur milli bygginga, þannig að þeir þurfa ekki að klæða sig í útiföt. Fagfólk sér um kennsluna í samstarfi við skólann.

Skólinn er líka í samstarfi við stórfyrirtækið Target corporation. Samstarfið er margskonar, til dæmis koma um 200 sjálfbóðaliðar einu sinni í viku í hálf tíma í senn, til þess að aðstoða kennarana við að hlusta á nemendur lesa. Eins sendir Target corp. reglulega framandi ávöxt eða einhverja matartegund sem er kynnt fyrir nemendum og starfsfólki.

Kokkarnir í skólanum eru í beinu sambandi við bónda sem sendir þeim reglulega afurðir frá býli og er þetta hugsað til að nemendur læri hvaðan maturinn kemur. Skólinn er líka í samstarfi við ýmiss konar listaskóla, bæði á framhaldskólastigi og háskólastigi, upplýsingafyrirtæki, upplýsingatækniskóla og leikhús. Nemendur fara bæði í skólana og fyrirtækin og eins koma starfsmenn þaðan í Fair School og halda námskeið. Skólinn fær gjarnan þekkta einstaklinga úr grenndarsamfélaginu til að flytja fyrirlestra og vera með námskeið bæði fyrir nemendur og foreldra.

Sambætting námsgreina

Við skoðuðum sérstaklega sambættingu námsgreina hjá 5-8 ára nemendum. Það sem heillaði okkur mest var verkefni sem nemendur í 1. bekk þ.e. 6-7 ára unnu. Unnið var eftir hugmyndafræði Reggio Emilio. Unnið er í lotum, mislöngum eftir áhuga nemenda. Sum verkefnin tóku nokkra daga meðan önnur héldu nemendum áhugasömum í margar vikur.

Þessi nemendahópur hafði mikinn áhuga á skógardýrum. Innlögnin hófst með því að kennarinn las bók um efnið sem valið var að vinna með. Nemendur leituðu svo upplýsinga í fræðibókum og á netinu og deildu svo því sem þeir höfðu komist að með samnemendum sínum. Í framhaldinu var farið í heimsókn í dýragarðinn þar sem þeir skoðuðu vel „The forest trail“ eða skógarstíginn. Þar skoðuðu nemendur dýrin og einbeittu sér sérstaklega að því dýri sem hver og einn hafði valið sér. Mikið var um umræður t.d. um fjölbreytileika dýranna, hvert þeirra er hraðskreiðast o.s.frv. Í framhaldinu unnu þeir skýrslu (sjá mynd) um hvert dýr. Skýrslan var bæði skrifleg og myndræn. Nemendur unnu fjölmörg stærðfræðiverkefni um dýrin t.d. stærðarmun, lögun og hreyfigetu dýranna.

Öll verkefnavinna er höfð sýnileg á veggjum kennslurýmisins en við sáum ekki öll verkefni sem unnin höfðu verið þar sem mikið var búið að taka niður, bæði vegna þess að skólaárinu var að ljúka og einnig vegna þess að nýtt þema var að byrja. Kennarinn sagði okkur að þetta ferli og þessi vinna væri nokkuð hefðbundin leið við að samþætta námsgreinar hjá þessum aldurshópi.

Við skoðuðum ekki sérstaklega samþættingu námsgreina hjá eldri nemendum en tókum eftir því á elsta stigi, hversu nemendur eru meðvitaðir um að þó verið sé að kenna eina ákveðna námsgrein, þá fléttast aðrar þar inn t.d. er stærðfræðin kennd sem tungumál, framreidd sem vísindagrein og unnið með hana sem list.

Annað sem við kynntum okkur sérstaklega var hvernig einstaklingsmiðun nemenda var útfærð á milli hópa og árganga. Nemendur eiga sinn heimabekk eða heimarými. Í þeim námsgreinum þar sem þeir skara fram úr eða þurfa meiri aðstoð, þá fara þeir á milli hópa (aldurshópa) og fá þar leiðsögn og verkefni við hæfi. Þetta fyrirkomulag er mjög algengt þannig að þessir nemendur skera sig ekki úr hópnum. Einn árgangur er í hverju rými en nemendur flæða á milli rýma eftir getu. Við hittum unga og efnilega stúlku sem var í 1. bekk, hennar styrkleiki er lestur þannig að í öllum lestrartímum fylgir hún 3. bekk og fær kennslu eins og þeir. Einnig var töluvert um að leikskólanemendur (Kindergarden) færu í tíma hjá 1. bekk.



Áberandi var hve gott samband var á milli nemenda og kennara og annarra starfsmanna þar sem komið var fram af gagnkvæmri virðingu.

Skólabúningar í FAIR School Downtown

Skólabúningar voru merktir með merki skólans. Fötin voru pólóbolir sem voru ýmist hvítir, bláir, ljósbláir eða ljósbleikir. Kakíbuxur máttu vera annað hvort kvartbuxur eða síðar. Kakí pils eða skokkar voru einnig í boði fyrir stúlkur. Innan þessa ramma eru nemendur frjalsir með skólabúningana. Allir nemendur eiga að ganga í búningum frá mánudegi til fimmtudags. Á föstudögum er frjals klæðnaður svo framarlega sem nemendur hafa staðið sig vel í vikunni.

Við sjáum mögulegar útfærslur á skólabúningum fyrir Akurskóla. Það var til fyrirmyndar hvernig nemendur höfðu frjalsar hendur með val á klæðnaði. Fyrirfram ákveðnir staðlar segja til um liti og tegund fatnaðar og búningarnir eiga að bera nafn eða merki skólans. Að öðru leyti er undir foreldrum og nemendum komið hvar búningarnir eru keyptir og hve mikið þeir kosta. Þetta er gott dæmi um hvernig má hafa skólabúninga en á sama tíma bjóða upp á valmöguleika innan ákveðins ramma.

Íþróttir

Á vegum skólans starfsar íþróttakennari þó ekki sé íþróttasalur eða sundlaug í skólanum. Skólinn er í samstarfi við líkamsræktarstöð (YMCA/YWCA) og skipuleggur íþróttakennarinn kennsluna í samstarfi við aðila innan líkamsræktarstöðvarinnar. Nemendur fara ásamt kennaranum yfir í YMCA/YWCA þar sem íþróttatímar og sundkennsla fer fram í 25m sundlaug. Nemendur á yngri stigi fara í íþróttasalinn í alls kyns hreyfingu en eldri nemendur geta farið í tækjasalinn.

Skólinn er í samstarfið við körfuboltaliðið Timberwolves (NBA) og sem dæmi buðu leikmenn hafnaboltaliðsins Lynx upp á 60 mínútna vinnutíma með stúlkum um mikilvægi hreyfingar og heilsu. Nokkrir laugardagar í vetur voru tileinkaðir hreyfingu, samstarfi heimila og skóla og samveru foreldra og barna.

Utan skólatíma geta nemendur æft íþróttir með mismunandi liðum skólans. Mest áberandi voru körfuboltaliðin og blakliðin.

Við gætum tekið okkur til fyrirmyndar hvernig Fair School tekst að ná til fyrirtækja og samstarfsaðila í samfélaginu. Þeim tekst að fá atvinnuþróttamenn inn í skólann til að kenna og miðla reynslu sinni til nemenda á uppbyggilegan hátt.

Listgreinar

Fair School leggur mikla áherslu á listir og skapandi greinar enda eru lykilorð skólans “Equity, Excellence and Arts”, sem mætti þýða sem Jöfnuður, gæði og listir. Nemendur verja að jafnaði tveimur og hálfri kennslustund á dag við skapandi greinar. Undir þá liði flokkast sjónlistir, tónlist, leiklist, dans og skapandi margmiðlun, s.s. hönnun og kvikmyndagerð. Eftir að okkur höfðu verið kynntar megináherslur í starfi skólans gafst okkur tækifæri til að fylgjast með kennslustund í myndmennt fyrir 5. og 6. bekk og vorum við þar í rúma klukkustund. Við fylgdumst með myndmenntakennslu í 2. bekk og 16 – 18 ára nemendum í leiklist. Einnig fengum við ágæta kynningu





á stuttmyndagerð hjá 14 – 16 ára nemendum. Þess utan skoðuðum við allan skólann undir leiðsögn starfsfólks skólans og ræddum við listgreinakennara og nemendur.

Arkitektúr skólans styður vel við stefnu hans og áherslur, t.d. voru verk nemendanna hengd upp í þeirra augnhæð. Öll aðstaða og aðgengi að efni var til fyrirmyndar. Myndlistarkennsla hjá 5. – 6. bekk fer fram í rúmgóðu rými með mikilli lofthæð. Skemmtilega hrátt og afslappað umhverfi þar sem nemendur vinna ýmist standandi eða sitjandi við borð sem höfð eru ofan á skápum sem geyma efni og áhöld sem notuð eru við kennslu; snjöll rýmislausn. Bekkurinn sem við fylgdumst með samanstóð af afburðanemendum í sjónlistum að sögn kennarans sem hafði í mörg horn að líta því þetta var næst síðasta kennsluvika skólaársins. Unnið var að ýmsum verkefnum í tímanum, s.s. vatnslitastúdíum og frágangi á leirlistaverki. Við tókum eftir að í stofunni var mjög góð hlustun og agi, án þess að virka þvingandi.

Athyglisvert er að sjá hve skólinn er vel tækjum búinn og virðist þar fátt til sparað. Allir nemendur skólans frá 12 ára aldri hafa Apple fartölvu til umráða allt skólaárið. Einnig vakti athygli að sjá hve aðstaða til margmiðlunarkennslu var góð. Í kennslustofunni voru um 50 Apple tölvur af stærri gerð, allar búnar nýjustu hönnunar- og myndvinnsluforritum frá Adobe. Við skoðuðum m.a. nokkrar áhugaverðar stuttmyndir sem nemendur höfðu verið að gera, auk þess sem kennari kynnti fyrir okkur starfsemina sem þarna fór fram.

Harambee Elementary School, St. Paul

Stjórnun og skipulag


Harambee er 438 nemenda skóli, með nemendur frá 5-9 ára. Í skólanum er skólastjóri, agastjóri, 37 kennarar þar af sérkennarar í 4,6 stöðugildum, iðjuþjálfari og félagsráðgjafi. Lögð er áhersla á að kennarar beri sameiginlega ábyrgð á skólastarfinu. Nemendur úr framhaldskólum taka þátt í skólastarfinu eina viku í senn og sjálfbóðaliðar koma tvisvar sinnum í viku og aðstoða nemendur í móðurmáli og stærðfræði. Fjöldi nemenda í 5 ára bekk eru 21, í 1.-3. bekk eru að jafnaði 22 í bekk og í 4.-5. bekk eru 26 nemendur í bekk. Skólinn tekur á móti nemendum frá 10 skólahverfum og flytja 25 áætlunarbílar nemendur í skólann.

Í skólanum er lögð áhersla á náttúruvísindi, sjálfbærni, útinám og fjölmenningu. Náttúruvísindi, íþróttir, samfélagsfræði og tónlist er kennd á fjögurra daga fresti. Í skólanum eru ráðgjafar í náttúruvísindum og samfélagsfræði sem koma inn í bekkina annan hvern dag og leiðbeina kennurum.

Skólinn starfar allt árið. Kennslan er í 9 vikna lotum og síðan fá nemendur þriggja vikna frí. Á þeim tíma geta nemendur sótt listasmiðjur sem foreldrar greiða fyrir eða að nemendur sem hafa ekki náð tilskyldum markmiðum geta fengið uppbótarkennslu, þeim að kostnaðarlausu, í eina.

Sérkennarar við skólann eru fimmti kennarinn í kennarateyminu. Nemendur fá ýmist kennslu í litlum hópum í sérstofu eða inni í bekk

Markvisst er unnið með agamál í skólanum. Á hverjum morgni eru morgunfundir hjá umsjónarkennara og nemendum hans. Þeir nemendur sem ekki hafa lokið vinnunni sinni, eru ekki viðstaddir því þeir eru að klára að vinna vinnuna sína. Nemendur sem ljúka verkefnum skrifa nafnið sitt í þar til gerðan reit á töfluna og fá klapp á bakið frá sjálfum



sér. Það eru fáar reglur, en nemendur tóku þátt í að semja þær; ef þú eyðileggur eitthvað, þá lagar þú það, ef þú særir einhvern, þá bætir þú fyrir það, nemendur sem eru illa upplagðir fara í hlé (fá mottu sem þeir setjast á), nemendur sem ganga illa um tæki og tól, missa yfirráð yfir þeim tímabundið og sest er niður með nemandanum og farið yfir reglur um umgengnina á tækinu. Til að fá athygli nemenda kallar kennarinn/starfsmaðurinn: „Gefðu mér fimm“, þá rétta nemendur upp aðra höndina og við það hætta þeir að tala og veita kennara/starfsmanni fulla athygli með eyrum og augum. Ef kennarinn/starfsmaðurinn hefur ekki fengið athyglina segir hann: „Gefðu mér tíu“ og þá rétta nemendur upp hina höndina líka. Við nemendur sem gengur illa að sitja kyrrir er gerður samningur um að sitja á „spenaboltum“ í kennslustundum. Ef þeir brjóta samninginn missa þeir hann í tvær vikur.

Um náttúrufræðikennslu

Í Harambee Elementary School er lögð áhersla á útikennslu þar sem nemendur læra á náttúruna við upplifun. Það sem kennarinn leggur áherslu á er að vekja athygli nemenda á umhverfinu og náttúrunni og gera þá meðvitaðri.

Nemendur fara í náttúrufræði í raungreinastofu helming skólaársins en hinn helminginn kemur náttúrufræðikennari inn í kennslustund og er



Þá einskonar aðstoðarkennari sem samþættar umhverfismenntina við önnur fög. Nemendur fara í náttúrufræði tíma einu sinni í viku, hver tími er 45 mínútur. Þegar náttúrufræðikennari er með nemendur þá reynir hann alltaf að fara út, sama hvernig viðrar. Svæðið sem kennarar hafa til útikennslu er 28 ekrur. Þar er skógur, tjarnir, lauftré, barrtré, slétta, leikvellir, dýr og fjölbreytt skordýralíf.

Í skólanum eru veggir þaktir af upplýsingum sem tengjast náttúrufræði s.s. veðurfræði, lífríki dýra í mismunandi loftslagi, og varðveislu og notkun vatns. Öll rými hafa hnattlíkan og eru merkt höfuðáttunum.

Einnig var okkur sagt frá því að nú væri búið að girða af ákveðið svæði til að hindra ágang villtra dýra en þar eiga nemendur að fara að læra að rækta grænmeti og búa til moltu.

Það sem vakti áhuga okkar er hversu vel nemendur eru meðvitaðir um rafmagnsnotkun. Í öllum rýmum var einn nemandi með það hlutverk að slökkva ljós en skólinn leggur mikla áherslu á að spara rafmagn.


Listir og verkgreinar

Mikið er af sýnilegum verkefnum nemenda á veggjunum og veggirnir eru litríkir. Allir nemendur hafa aðgang að litum og skriffærum á borðunum sínum. Í staðinn fyrir eiginlega listgreinakennslu er mikið lagt upp úr kennslu um list og menningu hinna ýmsu þjóða. Í fyrstu vikunni milli anna byggist starfið á nýliðnu námsmati, unnið er að einstaklingsmiðuðum verkefnum og nemendum með námserfiðleika hjálpað. Afraksturinn af þessari vinnu er settur fram á veggteppi sem eru hengd upp víðsvegar um skólann. Þá voru líka veggteppi frá foreldum og ættingjum nemenda á veggjum skólans. Það voru iðulega veggteppi sem höfðu sögu að segja um listir annarra þjóða. Mikið var lagt upp úr því að allir reglur væru sýnilegar og litríkar. Í öllum stofum og á göngum skólans voru rammar á veggjunum sem ætlaðir voru fyrir listaverk, skilaboð, áætlanir og hljóðfæri frá ýmsum þjóðum svo eitthvað sé nefnt.

Í upphafi skólaárs fá allir kennarar 100 dollara til þess að fjármagna kaup á kennslugögnum fyrir aukakennslu svo sem tónlist eða matreiðslu. Engin smíðakennsla var við skólann.



Allir nemendur fá 40 mínútna kennslustund í tónlist á fjögurra daga fresti. Einn tónlistarkennari er starfandi við skólann og sér hann um alla tónlistarkennslu. Einnig er hann með einkatíma á blásturshljóðfæri eftir hefðbundna kennslu. Á skólatíma kennir hann og fjallar um mismunandi tónlistarstefnur og mismunandi gerðir tónlistar. Þegar klassíska tímabilið í tónlist er kynnt nemendum þá hlusta þeir á tónlist frá þeim tíma, syngja tónlist frá þeim tíma og spila einfaldar útgáfur af þeirri tónlist á slagverks- og/eða blásturshljóðfæri. Í þeim tímum sem við fylgdumst með voru nemendur að undirbúa sýningu fyrir foreldra sína. Kennarinn hafði valið nokkur lög fyrir hvern bekk sem þeir voru að æfa. Þannig sýna nemendur foreldrum sínum afrakstur tónlistarkennslunnar og sýndist okkur flest allir nemendur hafa mjög gaman af þeim undirbúningi.



Rutherford Elementary School, Stillwater

Skólastjórinn Stephen Gordie tók á móti hópnum og sýndi okkur skólann. Eitt af því sem vakti athygli okkar í upphafi var blýantasjálfsali sem staðsettur var við innganginn að stjórnunarálmum skólans.

Stjórnun og starfsemi

Rutherford Elementary School er skóli fyrir nemendur frá leikskólaaldri til 11 ára. Stonebridge School er systurskóli hans í skólahéraðinu Stillwater. Skólinn er 14 ára gamall. Í skólanum eru 765 nemendur en verða 690 nemendur á næsta ári því verið er að fækka nemendum í skólanum vegna húsnæðisskorts. Skólanum er skipt upp í fimm námssvæði sem hvert fyrir sig er einkennt með ákveðnum lit. Á hverju námssvæði eru 6 – 7 aldursblandaðir námshópar. Hver námshópur samanstendur af nemendum úr tveimur árgöngum. Fjöldi nemenda í námshóp eru um 20 í yngri árgöngunum en um 30 nemendur eru í námshópi í 5. og 6. bekk. Hjá skólastjóra kom fram að áherslur í skólanámskrá Stillwater héraðs þrengdi mjög að hugmyndafræðinni um aldursblöndun og hafði hann nokkrar áhyggjur af því hvert stefndi í þeim efnum í skólahéraðinu.





Skólastarf með nemendum hefst kl. 8:30 á morgnana en starfsmenn mæta kl. 8:00. Nemendur fara heim kl. 15:00 en starfsdegi lýkur hjá kennurum kl. 16:00 alla daga.

Stjórnunarteymi skólans samanstendur af skólastjóra í fullu starfi og aðstoðarskólastjóra í 50% starfi. Starfsmannafundir eru haldnir vikulega á miðvikudögum. Mikil áhersla er lögð á samstarf kennara á hverju námssvæði fyrir sig og hefur hvert námssvæði vikulega undirbúningsfundi.

Upplýsingatækni í Rutherford

Nemendur fá kennslu í upplýsingatækni í 30 mínútur á viku. Sérfræðingur án kennsluréttinda sér um að kenna nemendum á ákveðin forrit, um internetið og forrit sem hægt er að nálgast þar. Eins fá nemendur kennslu í upplýsingaöflun á netinu. Umsjónarkennari nemenda er ávallt viðstaddur þessar kennslustundir og hjálpar til eftir fremsta megni.

Tölvukostur í Rutherford er mjög góður. Fartölvuvagnar með 16 fartölvum eru í hverju kennslurými auk nokkurra borðtölva. Kennarar hafa til umráða fartölvur yfir vetrartímann en að auki hefur hver kennari SMART töflu á sínu kennslusvæði. SMART töflurnar eru einu töflurnar í kennslurýmum og því mikið notaðar, þó voru nokkrar litlar tússtöflur á svæðinu sem kennarar virtust nota við minni verkefni. Í tölvuveri inn af bókasafni skólans eru 34 borðtölvur auk fartölvuvagns sem inniheldur 16 fartölvur.





Hér áður fyrr var sérmenntaður tölvuumsjónarmaður í fullu starfi við skólann en vegna fjárhagsþrenginga var sú staða lögð niður. Nú eru tölvumálin í höndum aðstoðarmanns sem hefur ekki formleg réttindi á sviði tölvumála en kann sitt hvað fyrir sér og getur lagað einfaldari vandamál sem koma upp. Aðstoðarmaðurinn er tengiliður skólans út á við og sér um að sía út vandamál tengdum tölvum. Öll stærri vandamál eru send út úr húsi og netþjónar og prentarar eru í umsjá netþjónabúa. Fartölvuvagnar sem staðsettir eru í kennslurýmum eru í höndum hvers kennarateymis og hafa þeir yfirumsjón með þeim yfir veturinn en skila þeim inn til yfirferðar og uppfærslu á sumrin og fá þá svo aftur í hendurnar að hausti.

Kennarar koma gjarnan með nemendur sína í tölvuverið til að vinna að verkefnum eða sem bekkjarumbun en þá eru t.d. spilaðir tölvuleikir.

Jákvæð styrking

Skólinn er ekki með fastmótaða agastjórnunarstefnu en stuðst er við kerfi sem líkist PBS sem byggir á stuðningi við jákvæða hegðun og er vinsælt í nokkrum skólum hérlandis. Eins og staðan er í dag styðst hver og einn kennari við sína útgáfu af jákvæðri styrkingu. svo sem hrós, val tíma, hrósmíða og valsvæði. Þegar þeim finnst tilefni til beita þeir jákvæðri styrkingu. Skólinn hefur ekki innleitt stefnuna (PBS) en hvort það verður gert veltur á næsta skólastjóra sem mun hefja störf í upphafi næsta skólaárs. Veggspjöld hanga víða með ýmsum slagorðum sem tengjast jákvæðri styrkingu. Það er ekki talað um boð og bönn heldur óskir og langanir.





Portfolio

Nemendur nota ferilmöppur (portfolio) frá upphafi skólagöngu og er ein mappa unnin á hverju skólaári. Nemendur setja valin verkefni í möppuna sem eiga að endurspegla námsframvindu þeirra. Þegar skólinn var stofnaður árið 1998 var hugsunin að nemendur myndu fá Portfolio-verkefnin sett á disk til þess að eiga en vegna kostnaðar hefur verið hætt við það. Möppurnar fylgja nemendum alla skólagönguna og taka þeir hana með sér áfram í skólana sem þeir fara í, reyndar eru ekki allir skólar sem nemendurnir fara í með Portfoliomöppur. Nemendur þurfa sjálfir að hugsa um möppurnar en kennararnir stýra því hvaða verkefni fara í hana. Það krefst mikillar vinnu og skipulags af hálfu kennaranna, sérstaklega fyrstu árin. Skólinn er með þrjá árganga á leikskólaaldri og þar er lagt upp með verkmöppurnar.

Agamál

Reglur eru mjög ítarlegar og eru viðurlög við brotum á þeim skráð hjá skólareglum. Í skólanum ríkir ágætis agi en ýmis agavandamál hafa komið upp, t.d. var fyrir nokkrum árum skipt upp í rýmum þannig að helmingurinn af 5. og 6. bekk var færður upp í rými þar sem 3. og 4. bekkur er og öfugt. Við þetta minnkuðu agavandamál í þessu rými um helming.

Íþróttir

Í Rutherford eru skipulagðar íþróttir fimm daga vikunnar. Nemendur fá 30 mínútur á dag undir leiðsögn íþróttakennara í glæsilegum íþróttasal. Aðstaða og útbúnaður er mjög góður og svipar til íslenskra aðstæðna. Í skólanum eru þrír íþróttasalir en engin sturtuaðstaða er þar. Við töluðum við nemendur sem útskýrðu fyrir okkur nokkra leiki og upplýstu okkur um hvað þeim fannst skemmtilegast.

Nemendur fá ekki sundkennslu í skólanum heldur er það í höndum foreldra eftir að skóla lýkur á daginn.

Lokaorð

Hér að framan höfum við reynt að gera grein fyrir því helsta sem fyrir augu okkar bar í ferðinni. Markmið skólaheimsóknar sem þessarar er að styðja við skólaþróun og stuðla að betra skólastarfi.

Eftir heimsókn okkar til Minneapolis þá teljum við okkur vera reynslunni ríkari og betur í stakk búin til að gera enn betur. Við sáum margt sem við getum tileinkað okkur í starfi okkar í Akurskóla en þessi heimsókn sýndi okkur einnig að margt sem við erum að gera er mjög gott og erum við mjög stolt af skólanum okkar.

